

Snæfellsbær
b/t Davíð Viðarsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Reykjavík 7. júní 2019
UST201906-031/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Snæfellsbæjar- Breyting - Golfvöllur sunnan Rifs

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 24. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna golfvallar sunnan Rifs í Snæfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting varðar nýjan golfvöll sunnan Rifs, en í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir golfvelli sunnan Hellissands. Svæðið sem hér um ræðir var skilgreint sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi og er um 43 ha og breytist í íþróttasvæði.

Náttúrminjar

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Utanvert Snæfellsnes og er víðfeðmt svæði og er númer 223 sem aðrar náttúruminjar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að Á fyrirhuguðu golfvallarsvæði er graslendi, mólendi og votlendi og Votlendi verði haldið ósnortnu eftir füngum og svæðið mótað þannig að golfvöllurinn lagi sig að deiglendi og því verði hlíft. Auk þess kemur fram að völluminn verði gerður að mestu leyti með endurræktun á þurrlendi með sendnum jarðvegi, sem er sums staðar gróðurlaust og haft verður samráð við Gróðukortadeild Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi útfærslu vallarins


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin runnamýrarvist sem er með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar.

Í runnamýrarvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; spói (*Numenius phaeopus*), lóupræll (*Calidris alpina*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), stelkur (*Tringa totanus*), kjói (*Stercorarius parasiticus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) og einnig grágæs (*Anser anser*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóa og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að vernda ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna og til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið.

Bakkagróður

Samkvæmt uppdrætti eru tveir lækir á svæðinu Lurkanslækur og Lárusarrenna og markmið tillögunnar er m.a. að vernda Lárusarrennu. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur